

Starfsemi Siðfræðistofnunar árið 2009

Stjórn og starfslið

Stjórn Siðfræðistofnunar var óbreytt frá fyrra ári en í henni eiga sæti: Vilhjálmur Árnason, prófessor, tilnefndur af námsbraut í heimspeki, formaður stjórnar, Sólveig Anna Bóasdóttir, dósent, tilnefnd af guðfræðideild, Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir, tilnefnd af kirkjuráði þjóðkirkjunnar, Ástríður Stefánsdóttir, dósent, tilnefnd af Kennaraháskóla Íslands og Haraldur Briem, dósent við læknadeild, skipaður af Háskólaráði án tilnefningar. Forstöðumaður í fullu starfi er Salvör Nordal. Bankahrúnið setti talsverðan svip á starf Siðfræðistofnunar á árinu, einkum þar sem stjórnarformaður og forstöðumaður voru skipuð í vinnuhóp um starfshætti og siðferði sem skipaður var af Alþingi og ætlað að vinna með rannsóknarnefnd Alþingis. Drjúgur hluti af starfshlutfalli þeirra á árinu fór í vinnu með starfshópnum og var starfsemi stofnunarinnar því minni en venjulega.

Rannsóknir

Send var inn umsóknin ELSAHealth í byrjun árs í 7. rammaáætlun Evrópusambandsins um rannsóknir á heilbrigðissviði og vísindasiðanefndir. Siðfræðistofnun hefur tekið þátt í margvíslegum erlendum fundum og samstarfsverkefnum. Forstöðumaður er í ráðgjafahópi í rannsóknaverkefninu HEPADIP (Hepatic and Adipose Tissue and Functions in the Metabolic Syndrome) og þátttakandi í verkefninu PRIVILEGED (Privacy in law, ethics and genetic data) og sótti fundi á vegum verkefnisins í Vilnius í Litháen. Þá er Siðfræðistofnun aðili að nýju norrænu samstarfsneti háskóla á Norðurlöndum um heimspeki læknisfræðinnar og heilbrigðis- og lífsiðfræði undir stjórn Linköping háskóla: Nordic Network for Philosophy of Medicine and Medical Ethics (NNPMME). Fyrsti fundur samstarfsnetsins var í Linköping 4.–6. mars og sóttu fundinn stjórnarformaður og forstöðumaður ásamt nokkrum nemendum í heilbrigðis- og lífsiðfræði.

Stjórnarformaður situr í stjórn Nordisk bioetisk komité og var formaður nefndarinnar 2007. Hann sótti fjölmarga fundi og málþing á hennar vegum á árinu. Vilhjálmur situr einnig í stjórn European Society for Philosophy of Medicine and Health Care og sótti ársþing félagsins í Tübingen. Vilhjálmur situr í ritnefndum tímaritanna *Medicine, Health Care and Philosophy*. A European Journal. Kluwer Academic Publishers frá 2000, *Genomics and Society*. Online journal frá 2005 og *Etikk i Praksis*. Nordisk tidskrift frá 2007.

Önnur rannsóknarverkefni:

Gildismat og velferð barna í neytlusamfélagi nútímans sem fékk styrk úr Kristnihátíðarsjóði 2005 hefur haldið áfram sem samstarfsnet, enda er hópurinn sem að honum stendur áhugasamur um frekara samstarf. Haldin var ráðstefna 20. mars á Hótel Sögu og vegum samstarfsnetsins. Félagsmálaráðherra ávarpaði ráðstefnuna en fyrirlestra héldu þau Vilhjálmur Árnason, prófessor, Sæunn Kjartansdóttir, sálgreinir, Sigrún Júlíusdóttir, prófessor, Steinunn Bergmann, félagsráðgjafi hjá Barnaverndarstofu, Inga Þórsdóttir, prófessor, Baldur Kristjánsson, dósent, Benedikt Jóhannsson, sálfræðingur, Hrund Þórarinsdóttir, djákni og stundakennari, Sigrún Aðalbjarnardóttir, prófessor og Halldór Reynisson, verkefnisstjóri fræðslusviðs Biskupsstofu. Fundarstjóri var Salvör Nordal, forstöðumaður Siðfræðistofnunar. Unnið er að útgáfu greinasafns um efnið sem koma mun út í ritroð Siðfræðistofnunar, Siðfræði og samtími, árið 2010.

Þjónusta

Siðfræðistofnun veitti sem fyrr umsagnir um ýmis lagafrumvörp og skýrslur á árinu og veitti fagfélögum, fyrirtækjum og stofnunum ýmis konar ráðgjöf. Þá hefur Siðfræðistofnun skipulagt námskeið og komið að kennslu í einstökum námskeiðum hjá Endurmenntun HÍ.

Fyrirlestrar og málþing

Í tilefni þess að á haustmisseri 2008 hóf Siðfræðistofnun sitt 20. starfsár var hleypt af stokkunum fyrirlestraröð undir yfirskriftinni *Siðfræði og samfélag*. Fyrirlestrarnir voru haldnir mánaðarlega, kl. 15:15 á föstudögum í Þjóðarbókhöðunni, og lauk í desember 2009. Ellefu íslenskir heimspekingar tóku þátt í fyrirlestrarröðinni og er áætlað að greinasafn með fyrirlestrunum komi út á árinu 2010.

Siðfræðistofnun hélt tvo málefnafundir í tengslum við bankahrunið. Fyrri fundurinn var haldinn þann 2. mars og fjallaði um ábyrgð fjölmiðla, þar sem Guðmundur Heiðar Frímannsson, prófessor við Háskólann á Akureyri, Sigrún Davíðsdóttir, fréttaritari Ríkisútvarpsins í London og Friðrik Þór Guðmundsson, stundakennari við HÍ og fyrrverandi blaðamaður héldu erindi. Síðari fundurinn var haldinn 18. maí þar sem fjallað var um Uppgjör þjóðar: sættir, fyrirgefning og afneitun, en þar töluðu þau Bryndís Hlöðversdóttir, forseti lagadeildar Háskólans á Bifröst, Sigurður Árni Þórðarson, prestur í Neskirkju og Árni Bergmann fyrrverandi ritstjóri. Siðfræðistofnun stóð ásamt Stofnun stjórnsýslufræða að fjölsóttum hádegisfyrirlestri Páls Skúlasonar um efnið „Af hverju brást ríkið? Hvernig endurbyggjum við það?“ þann 16. október 2009. Loks hélt Ruth Macklin, prófessor í lífsiðfræði (bioethics) við Albert Einstein College of Medicine í New York, hádegisfyrirlestur á vegum stofnunarinnar þann 9. nóvember í Háskóla Íslands.